

## GJALDSKRÁ

### fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar.

#### 1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,32% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni. Vatnsgjald á íbúðarhús skal þó að hámarki vera kr. 54.075.

#### 2. gr.

Aukavatnsgjald skv. 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 14,42 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

#### 3. gr.

Leigugjald vatnsmæla, sbr. 11. gr. ofangreindrar reglugerðar, fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

| Sverleiki í mm | kr.    |
|----------------|--------|
| < 50           | 4.326  |
| 50-100         | 10.500 |
| > 100          | 21.630 |

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

#### 4. gr.

Heimæðagjald skal taka mið af gerð stærð og lengd heimæðar. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

| Þvermál inntaks     | 32 mm  | 40 mm  | 50 mm  | 63 mm  | 75 mm   | 90 mm   |
|---------------------|--------|--------|--------|--------|---------|---------|
| Fastagjald kr.      | 51.500 | 66.950 | 82.400 | 97.850 | 113.300 | 128.750 |
| Gjald á metra í kr. | 1.030  | 1.236  | 1.442  | 1.648  | 1.854   | 2.060   |

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar.

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothaeft greiðist 2.938 kr./m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. desember 2017 og var 136,1 stig.

#### 5. gr.

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæðagjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

#### 6. gr.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 1222/2017.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 13. desember 2018.

*Búðardal, 13. desember 2018.*

**Kristján Sturluson** sveitarstjóri.